

Víkurskóli

Starfspróunaráætlun Víkurskóla 2020- 2021

Gæði, gleði, gróska, gagn.

Ábyrgð og umsjón: Elín Einarsdóttir skólastjóri

Innihald

Forsendur	2
Helstu áherslur starfspróunar Víkurskóla 2020-2021	2
Starfspróun	2
Fastir liðir í starfspróun skólans	3
Starfspróunarverkefni Víkurskóla 2020-2021	4
Fjármögnun starfspróunar	5
Starfspróun – réttindi og skyldur	5

Forsendur

Starfsþróunaráætlun Víkurskóla byggir á eftirfarandi þáttum:

- Sýn og stefnu skólans, þróunarverkefnum og áherslum sem eru í skólanum
- Niðurstöðum úr innra mati
- Óskum starfsmanna í starfsmannaviðtölum
- Óskum skólans og starfsmanna til Skólaþjónustunnar um námskeið og fræðslufundi

Helstu áherslur starfsþróunar Víkurskóla 2020-2021

Uppeldi til ábyrgðar og ART. Allir starfsmenn þekki hugmyndafræði og vinnubrögð Uppeldis til ábyrgðar og ART og nýti þau verkfæri í daglegu starfi.

Námsmat. Allir kennarar taki þátt í þróun kennsluhátta og námsmats með hliðsjón af kröfum Aðalnámskrár.

Stærðfræðinám og kennsla. Rýna kennsluhætti og samræma áherslur.

Skyndihjálp og eldvarnir. Allir starfsmenn fái námskeið í skyndihjálp og taki þátt í brunaeðingu með nemendum og fái þjálfun á slökkvibúnað.

Heilsueflandi skólastarf. Unnið samkvæmt áherslum Landlæknisembættisins og stýrihóp verkefnisins.

Allir starfsmenn hafi tækifæri til að þróa færni og þekkingu á því sviði sem þeir hafa áhuga á og þjónar hagsmunum skólans.

Starfsþróun

Í lögum um grunnskóla 91/2008 grein 12 segir:

„Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Kennarar og skólastjórar grunnskóla skulu eiga kost á reglulegri símenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína.“

Jafnframt eru ákvæði í kjarasamningum starfsmanna um sí- og endurmenntun starfsfólks. Þá er líka ákvæði í starfsmannastefnu Mýrdalshrepps um starfsþróun starfsmanna.

Menntun er ævilangt ferli og símenntun er lykill að árangri og framgangi í starfi. Hugtakið starfsþróun vísar til þess að starfsmenn þrói eigin færni, þekkingu og viðhorf og geti með því móti nýtt hæfileika sína og dafnað í starfi. Lykillinn að góðum árangri í starfsþróun byggist á frumkvæði starfsmanna, metnaði og árvekni gagnvart starfinu.

Hver og einn starfsmaður ber ábyrgð á því að halda sér við í starfi og endurnýja þekkingu sína. Það má gera á eigin vegum t.d. með lestri, rannsóknum og netskoðun. Starfsþróun fer einnig fram í samvinnu við fagfólk og samstarfsfólk í gegnum þróunarverkefni innan skólans eða í samstarfi við hagaðila í

samfélaginu. Þá getur starfsmaður sótt námskeið, stundað formlegt nám í símenntunarstöðvum, háskólum eða öðrum fræðslustofnunum.

Starfsþróun verður ávallt samstarfsverkefni stjórnenda og starfsmanna og leiðarstefið er að gera skólann betri menntastofnun með vel menntuðu starfsfólki sem líður vel í starfi.

Skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu starfsþróunaráætlana í samstarfi við aðstoðarskólastjóra og samvinnu við starfsmenn.

Fastir liðir í starfsþróun skólans

Viðfangsefni	Tímabil	Þátttakendur	Ábyrgðaraðili
Skyndihjálp	Annað hvert ár	Allir	Skólastjóri
Uppeldi til ábyrgðar Kynning, upprifjun	Að lágmarki tvisvar á ári eða eftir því sem við á. Samhliða ART.	Allir starfsmenn	Stýrihópur
Uppeldi til ábyrgðar- námskeið	Eftir þörfum	Nýir starfsmenn	Stýrihópur/Skólastjóri
Jarðvangsskóli Kötlu Geopark	Kynning á starfinu eftir því sem við á, viðfangsefni valin að hausti.	Allir starfsmenn	Verkefnastjóri í samstarfi við skólastjóra og Kötlu Jarðvang
ART – kynning og viðhaldið þekkingu	Tvisvar á ári samhliða Uppeldi til ábyrgðar.	Allir starfsmenn	Stýrihópur/Skólastjóri
ART - réttindanámskeið	Eftir þörfum	Nýir starfsmenn	Skólastjóri
Eldvarnir / Náttúruvá	Árlega	Allir starfsmenn	Skólastjóri í samvinnu við slökkviliðsstjóra
Barnavernd	Annað hvert ár	Allir starfsmenn	Skólastjóri í samstarfi við Félagsþjónustu Rangarvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
Ýmis erindi og fræðsla á vegum Skólaþjónustu Rangarvalla- og Vestur-Skaft.	Árlega	Allir starfsmenn	Skólaþjónustan
Námsferð	Þriðja hvert ár	Allir starfsmenn	Ferðanefnd - Stjórnendur
Heilsueflandi grunnskóli	Árlega samkvæmt verkáætlun	Allir	Stýrihópur

Starfsþróunarverkefni Víkurskóla 2020-2021

Viðfangsefni	Þátttakendur	Markmið	Tími	Ábyrgð/verkstjórn
Uppeldi til ábyrgðar-námsstefna	Allir	Að allir fái grunnþekkingu í hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar	13. ágúst	Skólastjóri
Uppeldi til ábyrgðar-starfsmannasáttmáli	Allir	Skapa einingu, samstöðu og jákvæðan starfsanda	Starfsmannafundir 1/9 og 6/10	Stýrihópur
Uppeldi til ábyrgðar	Allir	Kenna á notkun „Verkþærakistunnar“	Starfsmannafundir allt árið	Stýrihópur
Stærðfræði – samræming námsmarkmiða (vinna hófst haust 2019)	Stærðfræðikennarar	Efla fagvitund í stærðfræðikennslu. Skapa samfellu í stærðfræði milli samkennsluhópa og stiga.	Stigsfundir allt árið, starfsdagar að hausti og vori	Aðstoðarskólastjóri stærðfræðikennarar
Námsmat	Allir kennarar	Efla færni kennara í notkun Mentors sem tækis við námsmat. Framsetning námsmats á Mentor verði samræmd, einkunnir á unglingastigi í bókstöfum frá hausti 2020. Hæfnikort verði sett upp fyrir alla nemendur í íslensku og stærðfræði.	Stigsfundir	Stjórnendur / Umsjónarkennarar
Stærfræðileiðtogar	Tveir kennarar	Efla leiðtogahæfni og þekkingu á stærðfræðikennslu innan skólans, skapa faglegt námssamfélag	6 skipti yfir skólaárið	Skólastjóri MVS - HÍ
Heilsueflandi skólastarf. Líðan og samskipti á vinnustað.	Allir	Efla jákvæðan starfsanda og gera starfsfólk meðvitaðra um mikilvægi góðra samskipta	Ódagsett	Skólastjóri í samstarfi við Skólaráð Víkurskóla Vanda Sigurgeirsdóttir lektor

Uppeldi til ábyrgðar- námsferð til Kanada	Allir starfsmenn	Dýpka þekkingu starfsmanna á hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar	Júní 2021	Skólastjóri - ferðanefnd
Eldvarnir – Brunaæfing og kennsla á slökkvibúnað	Allir starfsmenn	Gera starfsmenn færa um að vinna hratt og skipulega við eldsvoða og að geta nýtt slökkvibúnað	Október 2020	Skólastjóri – Slökkviliðsstjóri
Skyndihjálp	Allir starfsmenn	Kenna og rifja upp grundvallarfærni í skyndihjálp	Vor 2021	Skólastjóri
Fræðsluerindi/ styttri námskeið á vegum Skólaþónustunnar	Allir starfsmenn	Val eftir áherslum og áhugasviði / áherslum skólans	Allt skólaárið	Skólaþjónustan/ skólastjóri

Fjármögnun starfsþróunar

Víkurskóli og starfsmenn hans skipta að einhverju marki kostnaði við starfsþróun. Starfsmenn nýta mögulega styrki úr sínum endurmenntunarsjóðum og e.t.v. úr öðrum þróunarsjóðum. Skólinn óskar eftir fjárveitingu frá Mýrdalshreppi til símenntunar starfsmanna. Starfsmenn þurfa alltaf að semja sérstaklega við skólastjóra, fyrirfram, um kostnað vegna starfsþróunar sem þeir hafa hug á eigin vegum.

Víkurskóli stefnir að því að sækja um í Endurmenntunarsjóð grunnskóla árlega frá og með skólaárinu 2020-2021, til þess að fjármagna námskeið sem henta áherslum skólans og starfsmannahópi.

Mýrdalshreppur sótti til Fræðslunets Suðurlands árið 2019 um verkefnið Fræðslustjóri að láni. Markmið þess að er að kortleggja óskir starfsmanna sem ekki hafa formlega starfstengda menntun. Sú vinna stendur yfir. Almennir starfsmenn Víkurskóla munu njóta góðs af verkefninu.

Starfsþróun – réttindi og skyldur

Skólastjóri er ábyrgur fyrir að setja upp áætlun um árlega starfsþróun. Hver og einn starfsmaður ber hinsvegar ábyrgð á eigin starfsþróun. Starfsmenn halda utan um skráningar á endurmenntun og skila til skólastjóra í lok hvers skólaárs yfirliti yfir starfsþróun ársins. Í starfsmannasamtölum sem fara fram í febrúar til mars ár hvert, er starfsþróun hvers og eins rædd og þær óskir sem starfsmaðurinn hefur næsta skólaár. Samkvæmt kjarasamningum kennara eru áætlaður 150/126/102 klst. Til starfsþróunar og undirbúnings utan starfstíma skólaársins. Heildartalan fer eftir lífaldri og starfshlutfalli. Ef starfsþróun er unnin á starfstíma skóla þá leggst álag á þessa vinnu og tímumum fækkar sem því nemur. Kjarasamningar annarra starfsmanna kveða ekki á um ákveðinn tímafjölda til starfsþróunar.

Starfsþróunaráætlun skólans er birt á heimasíðu www.vikurskoli.vik.is.

Símenntunarnefnd 2020-2021

Stjórnendur og umsjónarkennar, fulltrúi almennra starfsmanna.

Ferðanefnd 2020-2021

Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir

Hrund Jafetsdóttir

Sif Hauksdóttir